



JS LÖGMANNSSTOFA

Lágmúla 7, 5. hæð, 108 Reykjavík, sími 516 4000

PERSÓNUVERNDARSTEFNA

1. Almennt

JS lögmannsstofa (hér eftir JSL) starfar í samræmi við lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 90/2018, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2016/679.

Markmið persónuverndarstefnu JSL er að tryggja sanngjarna, lögmæta og gagnsæja vinnslu allra persónuupplýsinga sem unnið er með. Lögð er áhersla á að tryggja trúnað, áreiðanleika og örugga meðferð persónuupplýsinga.

Persónuverndarstefnan tekur til persónuupplýsinga hvort sem þeim er safnað og þær varðveittar á pappír, með rafrænum hætti eða með öðrum hætti. Þá tekur stefnan til hvers konar vinnslu á persónuupplýsingum sem fram fer á vegum stofunnar.

Persónuupplýsingar eru skilgreindar sem sérhverjar upplýsingar um persónugreindan eða persónugreinanlegan einstakling, þ.e. upplýsingar sem hægt er að rekja beint eða óbeint til ákveðins einstaklings.

2. Vinnsla persónuupplýsinga

Öll móttaka, söfnun, varðveisla og vinnsla persónuupplýsinga sem fram fer á vegum JSL byggist á lögmætum tilgangi. Vinnsla á persónuupplýsingum hjá JSL er fyrst og fremst til að geta sinnt þjónustu við viðskiptavinum stofunnar og til að sinna öðrum skyldum sem leiða af þjónustu við viðskiptavinum.

JSL safnar og varðveitir persónuupplýsingar um viðskiptavinum að því marki sem nauðsynlegt er til að sinna þeim verkefnum sem stofunni eru falin. Í flestum tilfellum aflar JSL persónuupplýsinga beint frá viðskiptavinum. Upplýsingar kunna þó jafnframt að koma frá þriðju aðilum, t.d. hagsmunasamtökum viðskiptavina, stjórnvöldum, dómstólum, Credit info og gagnaðilum. Auk þess kann persónuupplýsinga að vera safnað af netinu. Sé persónuupplýsinga aflað frá þriðja aðila í öðrum tilvikum mun stofan leitast við að tryggja að viðskiptavinir séu upplýstir um slíkt.

3. Skrá yfir vinnslu

JSL heldur skrá yfir vinnslu persónuupplýsinga. Í vinnsluskrá JSL kemur m.a. fram tilgangur vinnslunnar, lagaheimild fyrir vinnslu, lýsing á flokkum persónuupplýsinga og upplýsingar um öryggisráðstafanir.

4. Gagnaöryggi, trúnaðar- og þagnarskylda

JSL leggur mikla áherslu á að viðskiptavinir upplifi sig örugga meðan mál er í vinnslu hjá stofunni. Til að tryggja það markmið vinnur JSL að öllu leyti í samræmi við lög um persónuvernd. Sem dæmi er notast við persónubundnar aðgangsstýringar auk þess sem JSL heldur innra eftirlitskerfi sem á að tryggja að ávallt skulu gerðar viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir sem taka mið af eðli, umfangi og tilgangi vinnslunnar.

Starfsmenn JSL eru bundnir trúnaðar- og þagnarskyldu um allt sem þeir kunna að verða áskynja um í störfum sínum hjá stofunni. Auk þess bera lögmenn og starfsfólk þeirra þagnarskyldu um það sem þeim er trúað fyrir í starfi sínu, m.a. á grundvelli 1. mgr. 22. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn.

5. Varðveisla og eyðing persónuupplýsinga

JSL leitast við að tryggja að vinnsla stofunnar á persónuupplýsingum, þ.m.t. vistun og önnur varðveisla sem og eyðing, sé aðeins byggð á málefnalegum tilgangi og sé í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd.

Eftir að máli lýkur eru persónuupplýsingar varðveittar á meðan lögmætir hagsmunir krefjast. Ef möguleiki er á að persónuupplýsinga kunni að vera þörf til að uppfylla lagaskyldu, t.d. á grundvelli skattalaga, bókhaldslaga eða fyrningarlaga er afrit tekið af hlutaðeigandi persónuupplýsingum og þær varðveittar á öruggu formi eins lengi og nauðsyn ber til.

6. Miðlun persónuupplýsinga til þriðju aðila

JSL miðlar aðeins persónuupplýsingum til þriðju aðila í skýrt afmörkuðum tilgangi, vegna þeirrar þjónustu er um ræðir. Auk þess er upplýsingum miðlað til þriðju aðila vegna upplýsingatækniþjónustu og annarrar þjónustu sem tengist rekstri stofunnar.

JSL áskilur sér rétt til þess að afhenda persónuupplýsingar til þriðja aðila ef stofunni ber skylda til þess samkvæmt lögum.

7. Réttindi viðskiptavina

Viðskiptavinir JSL eiga rétt á að fá staðfest hvort og þá hvaða persónuupplýsingar unnið er með á vegum stofunnar og ef svo er aðgangi að þeim upplýsingum auk upplýsinga um það hvernig vinnsla þeirra og öryggi er háttað.

Viðskiptavinir eiga rétt á því að persónuupplýsingar um sig séu leiðréttar og/eða uppfærðar og að persónuupplýsingum um sig sé eytt, ef ekki er lengur nauðsynleg, lögmæt eða málefnaleg ástæða til að varðveita þær. Á grundvelli lagaskyldu getur JSL þó hafnað beiðni um eyðingu eða aðgang að gögnum. Auk þess getur stofan hafnað ósk viðskiptavinar s.s. vegna réttinda annarra aðila til friðhelgi einkalífs, telji stofan þá hagsmuni vera rétthærri.

Persónuvernd annast eftirlit með framkvæmd laga um persónuvernd og hefur sérhver skráður einstaklingur rétt til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd ef hann telur að vinnsla persónuupplýsinga brjóti í bága við lög.

8. Tilkynning um öryggisbrot

Ef upp kemur öryggisbrot er varðar persónuupplýsingar mun JSL tilkynna slíkt um leið og mögulegt er til Persónuverndar. Einnig mun stofan tilkynna viðkomandi skráðum einstaklingi án ótilhlýðilegrar tafar, hafi slíkt í för með sér áhættu fyrir þann einstakling er um ræðir. Með öryggisbroti í framangreindum skilningi er átt við brot á öryggi sem leiðir til óviljandi eða ólögmætrar eyðingar persónuupplýsinga eða að þær glattist, verði birtar eða aðgangur veittur að þeim í leyfisleysi, sbr. ákvæði persónuverndarlaga þar um.

9. Ábyrgð

JSL ber ábyrgð á vinnslu persónuupplýsinga og meðferð þeirra upplýsinga í starfsemi sinni.

10. Fyrirspurnir

Fyrirspurnum um persónuverndarstefnu þessa eða vinnslu JSL á persónuupplýsingum að öðru leyti skal beina á netfangið: jsl@jsl.is.

11. Breytingar

Persónuverndarstefna JSL er endurskoðuð reglulega til að tryggja að hún uppfylli skyldur persónuverndarlaga og kann því að taka breytingum. Breytingar taka gildi við birtingu á heimasíðu stofunnar.

JS lögmannsstofa ehf.